

Tillaga  
Afgreiðsla

A 1952/PRE  
Forsætisnefnd

## Nefndarálit um þingmannatillögu um að gera Norðurlönd sjálfum sér næg og óháð einræðisríkjum

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gera stefnuáætlun um að Norðurlönd verði sjálfum sér næg á sviði orkuframleiðslu, íhluta fyrir raforkukerfi, matvælaframleiðslu og viðbúnaðar.

### Bakgrunnur

Forsætisnefndin afgreiddi á fundi sínum 5. september 2023 þingmannatillögu 1952/PRE frá Norrænu frelsi um að gera Norðurlönd sjálfum sér næg og óháð einræðisríkjum. Í umræðunni kom fram almennur stuðningur forsætisnefndar við að vinna áfram með tillöguna.

Forsætisnefnd telur mikilvægt að huga áfram að viðbrögðum Norðurlanda við áskorunum vegna yfirstandandi orkukreppu sem orðið hefur fyrst og fremst vegna öryggisástandsins í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu.

„Orkumál og öryggi“ var yfirskrift þemaþings Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 2023 en þar kom fram að Norðurlöndin stæðu frammi fyrir þríþættri klemmu milli orkuöryggis, sjálfbærni og orkuverðs. Norrænt samstarf á að stefna að því að efla afhendingaröryggi orku á Norðurlöndum og tryggja um leið aðgang að sjálfbærri orku á viðunandi verði fyrir almenning í samræmi við framtíðarsýnina um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi.

Norrænar orkurannsóknir kynntu skýrsluna „Det nordiske energitrimma“ á þemaþinginu en hún er góður grundvöllur fyrir frekari umræður um hvernig Norðurlöndin geta brugðist við yfirstandandi orkukreppu.

Hið sama á við um að vera sjálfum sér næg á öðrum sviðum sem nefnd eru í tillögunni: varðandi íhluti fyrir raforkukerfi, matvælaframleiðslu og viðbúnað. Forsætisnefndin hefur einnig tjáð sig um mikilvægi þess að halda áfram norrænu samstarfi á sviði neyðarviðbúnaðar (t.d. Tilmæli 26/2021, 27/2021, 28/2021 og 1/2022) og að fylgt verði eftir vinnu ríkisstjórnanna að því að tryggja að Norðurlöndin geti lagst á eitt um að spyrna á móti og takast á við yfirstandandi og komandi krísur. Þetta á meðal annars við um samnorrænar neyðarbirgðageymslur sem hluta af því stefnumarkandi starfi sem hafið er í norrænu samstarfi um neyðarviðbúnað.



Á fundi forsætisnefndar 5. september var þó einnig viðtækur stuðningur við að leggja áherslu á hvernig efla megi samstarf á Norðurlöndum um neyðarbirgðageymslur fremur en hver eigi að útiloka frá samstarfinu. Því telur meirihluti í forsætisnefnd að strika eigi út eina setningu í þingmannatillögunni, það er að „gera Norðurlönd óháð einræðisríkjum“.

### **Sjónarmið forsætisnefndar**

Forsætisnefndin leggur því til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að framfylgja stefnu um að styrkja það að Norðurlöndin séu sjálfum sér næg á sviði orkuframleiðslu, íhluta í raforkukerfi, matvælaframleiðslu og viðbúnaðar.

Helsinki, 11. desember 2023

*Annette Lind (S)*

*Heléne Björklund (S)*

*Kim Berg (sd)*

*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*

*May Britt Lagesen (A)*

*Anna Starbrink (L)*

*Hanna Katrín Friðriksson (Vr)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Helge Orten (H)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Kathy Lie (SV)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Juho Eerola (saf)*